

D Ó M U R

Héraðsdóms Reykjavíkur föstudaginn 23. nóvember 2018 í máli nr. E-641/2018:

Karl Eiríksson

(Karl Ólafur Karlsson lögmaður)

gegn

Flugfélagi Íslands ehf.

(Hrafnhildur Stefánsdóttir lögmaður)

I.

Mál þetta var höfðað 23. febrúar 2018 og dómtekið 1. nóvember sama ár. Stefnandi er Karl Eiríksson, [...],[...]. Stefndi er Flugfélag Íslands ehf., með lögheimili á Akureyrarflugvelli, Akureyri, en stjórnarstöð á Reykjavíkflugvelli, Reykjavík.

Stefnandi gerir þá kröfu að stefndi verði dæmdur til þess að greiða stefnanda 16.168.862 krónur, ásamt dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu, af 971.555 krónum frá 1. desember 2015 til 1. janúar 2016, af 2.388.368 krónum frá 1. janúar 2016 til 1. febrúar sama ár, af 3.421.393 krónum frá 1. febrúar 2016 til 1. mars sama ár, af 4.586.747 krónum frá 1. mars 2016 til 1. apríl sama ár, af 5.645.725 krónum frá 1. apríl 2016 til 1. maí sama ár, af 6.704.703 krónum frá 1. maí 2016 til 1. júní sama ár, af 7.763.681 krónu frá 1. júní 2016 til 1. júlí sama ár, af 8.822.659 krónum frá 1. júlí 2016 til 1. ágúst sama ár, af 10.278.651 krónu frá 1. ágúst 2016 til 1. september sama ár, af 11.687.455 krónum frá 1. september 2016 til 1. október sama ár, af 12.746.433 krónum 1. október 2016 til 1. nóvember sama ár, af 13.805.411 krónum frá 1. nóvember 2016 til 1. desember sama ár, en af 16.168.862 krónum frá 1. desember 2016 til greiðsludags.

Jafnframt gerir stefnandi þá kröfu að viðurkennt verði með dómi að stefnandi skuli njóta almennra frímiðaréttinda hjá stefnda samkvæmt gr. 17-11 í kjarasamningi Félags íslenskra atvinnuflugmanna við Samtök atvinnulífsins vegna stefnda, dags. 1. apríl 2015, í alls 10 ár, aðallega frá 1. desember 2016 til 1. desember 2026, en til vara frá 1. nóvember 2015 til 1. nóvember 2025.

Þá krefst stefnandi þess, hver sem úrslit málsins verða, að stefndi verði dæmdur til þess að greiða honum málskostnað að mati dómsins, að teknu tilliti til virðisaukaskatts.

Stefndi krefst sýknu af öllum kröfum stefnanda. Þá krefst stefndi þess að stefnanda verði í öllum tilvikum gert að greiða honum málskostnað að mati dómsins.

II.

Málsatvik:

Stefnandi var ráðinn til starfa hjá stefnda á árinu 2002 sem flugmaður. Skriflegur samningur var ekki gerður um ráðningarsambandið en um starfskjör stefnanda fór samkvæmt gildandi kjarasamningi Félags íslenskra atvinnuflugmanna (FÍA) við Samtök atvinnulífsins (SA) vegna stefnda. Á árinu 2008 var stefnandi leigður út af stefnda til starfa hjá flugfélaginu Norlandair og var sú útleiga fram til haustsins 2010 en þá rann áhafnarleigusamningur út.

Stefndi veitti stefnanda launalaust leyfi frá störfum á tímabili frá 3. ágúst 2010 til 31. október 2012. Með bréfi stefnda 5. september 2012 var fallist á beiðni stefnanda um áframhaldandi launalaust leyfi til 31. október 2015. Átti stefnandi að hefja aftur störf hjá stefnda að loknu launalausuleyfi 1. nóvember 2015. Stefnandi starfaði sem flugstjóri í fullu starfi hjá Norlandair á meðan hann var í launalausuleyfi hjá stefnda og lá ráðningarsamningur til grundvallar því vinnusambandi og um starfskjör hans fór samkvæmt kjarasamningi FÍA og Norlandair.

[...]

Með bréfi fluglæknis til Flugmálastjórnar Íslands 22. október 2012 var stofnun inni tilkynnt að stefnanda hefði verið synjað um útgáfu 1. flokks heilbrigðisvottorðs vegna nánar tilgreindra veikinda. Veikindin voru talin alvarleg og varanleg. Með bréfi 6. desember sama ár var stefnanda tilkynnt um þá ákvörðun Flugmálastjórnar Íslands að fella varanlega úr gildi atvinnuflugmannsréttindi hans þar sem hann uppfyllti ekki lengur heilbrigðiskröfur.

Stefnandi var eins og áður greinir í starfi hjá Norlandair á þeim tíma þegar atvinnuflugmannsréttindin voru felld úr gildi en á sama tíma í launalausuleyfi hjá stefnda. Stefnandi fékk greidd laun í þrettán mánuði samkvæmt kjarasamningi í veikindum frá Norlandair. Þá fékk stefnandi greiddar bætur frá tryggingarfélagi Norlandair á grundvelli kjarasamningsbundinnar skírteinistryggingar vegna varanlegs missis flugmannsskírteinis.

Stefnandi aflaði sér menntunar á sviði flugvirkjunar eftir að hann hafði misst atvinnuflugmannsréttindin. Þá var hann frá 1. september 2015 fastráðinn í fullt starf sem tæknimaður og við aðstoð við notendur hjá TRU Flight Training Iceland ehf. sem rekur flughermi og að sögn stefnanda er það félag í meirihlutaeigu Icelandair Group.

Í framhaldi af niðurfellingu atvinnuflugmannsréttindanna var stefnandi í samskiptum við stefnda varðandi frímiðaréttindi, rétt til veikindalauna við lok launalauss leyfis og setu á starfsaldurslista án þess að komið væri til móts við beiðnir hans. Með tölvuskeyti til stefnda 30. október 2015 tilkynnti stefnandi að hann gæti ekki mætt til vinnu 1. nóvember 2015 að loknu launalausuleyfi vegna

veikinda. Að sögn stefnanda voru viðbrögð fulltrúa stefnda í eina átt, nánar tiltekið að hafna því að stefnanda bæri nokkur réttur gagnvart stefnda.

Ágreiningi aðila um röðun stefnanda á starfsaldurslista var vísað til starfsráðs FÍA og stefnda. Með úrskurði 27. janúar 2017 komst meirihluti starfsráðsins, skipað oddamanni og fulltrúum stefnda, að þeirri niðurstöðu að hafna bæri kröfu stefnanda um að halda óbreyttri röð á starfsaldurslista sem gilda ætti tímabilið frá 15. febrúar 2017 til 15. febrúar 2018. Minnihluti starfsráðsins, skipað fulltrúum FÍA, var hins vegar á öndverðri skoðun. Í forsendum meirihluta starfsráðsins var sérstaklega tekið fram að ekki væri tekin afstaða til réttarstöðu stefnanda að öðru leyti vegna veikinda hans. Frekari samskipti voru milli stefnanda og stefnda á árinu 2017 með aðkomu FÍA í aðdraganda málshöfðunarinnar án þess að næðist að ljúka máli með samkomulagi.

Um ágreining aðila greinir nánar í málsástæðum og lagarökum.

Stefnandi gaf aðilaskýrslu við aðalmeðferð. Þá gáfu skýrslu vitnis Örnólfur Jónsson, formaður FÍA, Einar Sigurður Björnsson, forstöðumaður flugrekstrarsviðs stefnda, og Friðrik Adolfsson, framkvæmdastjóri Norlandair.

III.

Helstu málsástæður og lagarök stefnanda:

Fjárfrafa stefnanda byggist á því að honum beri kjarasamningsbundinn réttur til greiðslu launa í veikindaforföllum í þrettán mánuði frá því tímamarki að telja þegar launalaus leyfi hans lauk hjá stefnda, eða frá og með 1. nóvember 2015. Stefnandi vísar til þess að um kjör hans hjá stefnda fari samkvæmt gildandi kjarasamningi FÍA við SA vegna stefnda en um stöðu kjarasamningsins í lögum vísar stefnandi til 1. gr. laga nr. 55/1980 um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda. Stefnandi vísar til gr. 07-2 í kjarasamningnum þar sem sé kveðið á um að ef flugmaður veikist og forföll hans eru staðfest þá skuli greiða flugmanni full laun samkvæmt 11. gr. kjarasamningsins í allt að þrettán mánuði. Stefnandi tekur fram að óumdeilt sé að hann hafi verið í tímabundnu launalaus leyfi þegar veikindi hans bar að 18. september 2012 sem varð svo til þess að flugmannsskírteini hans var fellt úr gildi 6. desember sama ár. Stefnandi vísar til þess að á þessu tímamarki hafi ráðningarsamband hans og stefnda verið í fullu gildi með þeirri takmörkun að stefnanda var óskýlt að inna vinnuframlag af hendi og stefnda að sama skapi óskýlt að greiða honum laun. Stefnandi vísar til þess að staðfest veikindi hans hafi staðið í vegi fyrir því að hann gæti hafið störf að nýju sem flugmaður hjá stefnda við lok hins tímabundna leyfis þegar honum bar að snúa aftur til starfa og hann hafði áform um. Að því virtu byggir stefnandi á því að hann hafi verið í lögætum forföllum. Á því tímamarki hafi raknað við kjara

samningsbundin skylda stefnda til þess að greiða stefnanda veikindalaun. Stefnandi tekur hins vegar fram að veikindi hans gagnvart starfi hans sem flugmanns hjá stefnda hafi því miður verið varanleg og þannig umfram það þrettán mánaða tímabil sem krafa hans lúti að.

Stefnandi vísar því á bug að ætlaður forsendubrestur sé til staðar eða að einhver sú staða teljist vera uppi sem leiða eigi til þess að greiðsluskylda stefnda á veikindalaunum falli niður. Stefnandi tekur fram að stefndi hafi skuldbundið sig samkvæmt kjarasamningi til þess að virða veikindarétt flugmanna sinna. Hvorki sé áskilnaður um að flugmaður þurfi að vera við störf þegar veikindi beri að né heldur að veikindi flugmanna skuli vera tímabundin. Því miður liggja hins vegar fyrir að hann hafi ekki átt og eigi ekki afturkvæmt til flugmannsstarfa fyrir stefnda. Verði því að miða við að formleg starfslok hafi fyrst getað orðið gagnvart stefnda 30. nóvember 2016 en á því tímamarki hafi stefnandi tæmt þrettán mánaða veikindarétt sinn gagnvart stefnda. Stefnandi byggir á því að staða eða réttarstaða stefnanda gagnvart þriðja aðila skipti engu máli við úrlausn málsins. Eigi það bæði við um stöðu stefnanda gagnvart Norlandair á því tímabili sem hann var í umsöndu launalausum leyfi hjá stefnda en einnig um stöðu hans gagnvart TRU Flight training Iceland ehf. eftir að hinu launalausum leyfi lauk en það hafi verið starf sem stefnda var fullkunnugt um og gerði enga athugasemd við. Stefnandi tekur fram að krafa hans byggist á skýru og ótvíræðu kjarasamningsákvæði sem ákvarði lágmarkskjör stefnanda. Krafan eigi ekkert skylt við skaðabótakröfu eða skaðabótasjónarmið. Réttur stefnanda til launa í veikindaforföllum verði hvorki skertur með einhliða ákvörðun stefnda, né með frádrætti vegna greiðslna frá þriðja aðila á því tímabili sem krafa stefnanda lúti að. Stefnandi lýsir því hins vegar yfir, að telji dómurinn að stefnandi hafi fengið greiðslur frá þriðja aðila umfram það sem hann teljist hafa átt rétt til með tilliti til krafna sem stefnandi setur fram á hendur stefnda, þá muni hann greina hlutaðeigandi aðilum frá niðurstöðu dóms í málinu, verði fallist á fjárkröfu hans að fullu, og bjóða viðkomandi aðilum endurgreiðslu standi lög til þess.

Stefnandi vísar til gr. 17-11 í kjarasamningi FÍA og SA vegna stefnda, að því er varðar viðurkenningarkröfu um frímiðaréttindi hjá stefnda. Í ákvæðinu sé kveðið á um að flugmaður sem látið hafi af starfi vegna veikinda skuli njóta almennra frímiðaréttinda í tíu ár og eftir tíu ára starf skuli eitt ár bætast við fyrir hver tvö ár í starfi. Stefnandi vísar til þess að óumdeilt sé að hann eigi ekki afturkvæmt til fyrri starfa sinna sem flugstjóri hjá stefnda vegna veikinda. Að því virtu sé gerð krafa um viðurkenningu frímiðaréttinda í tíu ár. Réttur til frímiða samkvæmt framangreindu kjarasamningsákvæði sé bundinn því að starfslok verði rakin til veikinda og það skilyrði sé uppfyllt að mati stefnanda. Rétturinn sé sjálfstæður og kjarasamningsbundinn.

Stefnandi byggir á því að viðlíka frímiðaréttindi sem hann hafi á grundvelli ráðningarsamnings við þriðja aðila hafi engin áhrif og skipti engu máli við úrlausn um þetta atriði gagnvart stefnda. Stefnandi áréttar, eins og áður greinir, að viður kenningarkrafan, líkt og fjárfrafan, grundvallist á kjarasamningsákvæði sem ákvarði lágmarksrétt stefnanda án nokkurra tengsla við skaðabótakröfur eða skaða bótasjónarmið. Stefnandi krefst þess aðallega að viðurkennt verði að réttur til frímiða hafi stofnast frá lokum veikindatímabils stefnanda 1. desember 2016 en til vara frá því tímamarki þegar launalausn leyfi hans lauk 1. nóvember 2015. Stefnandi tekur fram að viðurkenningarkrafa hans sé sett fram með vísan til 2. mgr. 25. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Stefnandi hafi lögvarða hagsmuni af því að fá leyst úr kröfunni en stefndi hafi staðfastlega neitað honum um að hann fái notið þeirra réttinda sem kjarasamningsákvæðið mæli fyrir um.

Í stefnu er einnig gerð nánari grein fyrir fjárkröfu með sundurliðun og tölulegum forsendum og á hvaða grundvelli þær forsendur eru reistar. Með hliðsjón af úrlausn málsins þykja ekki efni til að greina nánar frá málsástæðum og laga rökum stefnanda að þessu leyti, sbr. e-lið 1. mgr. 114. gr. laga nr. 91/1991, sbr. 10. gr. laga nr. 78/2015. Um lagarök að öðru leyti vísar stefnandi til meginreglna samningaréttar og vinnuréttar um samningsfrelsi, skuldbindingargildi samninga, réttaráhrif kjara- og ráðningarsamninga, auk meginreglu vinnuréttar um samspil veikindaforfalla og uppsagna á ráðningarsamningum. Stefnandi vísar sérstaklega til gildandi kjarasamnings FÍA og SA vegna stefnda sem ráðningarkjör stefnanda miðuðust við. Enn fremur vísar stefnandi til laga nr. 60/1998 um loftferðir og settra reglugerða samkvæmt þeim, einkum þágildandi reglugerð nr. 403/2008 um heilbrigðiskröfur flugliða og reglugerð nr. 400/2008 um skírteini útgefin af Flugmálastjórn Íslands. Varðandi kröfu um vexti vísar stefnandi til III. kafla laga nr. 38/2001. Þá vísar hann til gr. 11-8 í gildandi kjarasamningi varðandi upphafsdrag dráttarvaxtakröfu. Um málskostnaðarkröfu vísar stefnandi til XXI. kafla laga nr. 91/1991, auk laga nr. 50/1988 um virðisaukaskatt varðandi dæmdan virðisaukaskatt á málflutningsþóknun.

Helstu málsástæður og lagarök stefnda:

Stefndi vísar til röksemda meirihluta starfsráðs í úrskurði, dagsettum 27. janúar 2017, vegna kröfu stefnanda um óbreytt sæti á starfsaldurslista flugmanna stefnda, nánar tiltekið að líta verði svo á að stefndi hafi verið ófær um að hverfa aftur til starfa sinna hjá stefnda er umsöndu launalausn leyfi lauk. Tilkynningu hans um að hann gæti ekki mætt til vinnu vegna veikinda verði að skilja svo að stefnandi hafi með henni áréttað gagnvart stefnda að hann gæti ekki gegnt ráðningarskyldum sínum er hann átti þess kost að hefja störf sín á ný að loknu tilvísuðu leyfi. Verði

Því ekki litið svo á að framangreindar ástæður jafngildi því að stefnandi hafi veikt í starfi hjá stefnda eða glímt við tilfallandi veikindi við lok leyfisins.

Stefndi byggir á því að stefnanda hafi sökum varanlegs hæfisbrests verið ómögulegt að snúa aftur til flugmannsstarfa þegar leyfi hans frá stefnda lauk 1. nóvember 2015. Stefnandi hafi því tekið út skírteinistryggingu hjá Norlandair samkvæmt gr. 08-3 í kjarasamningi FÍA og þess flugfélags og hann síðan menntað sig til annarra starfa eins og nánar greinir í málavaxtalýsingu. Í fyrrgreindri kjara sammingsgrein sé tekið fram að greiða skuli óskerta tryggingarupphæð vegna missis skírteinis enda þótt sennilegt verði talið að viðkomandi flugmaður geti síðar stundað aðra atvinnu eins og eigi við um stefnanda.

Stefndi byggir á því að stefnandi hafi tæmt þrettán mánaða veikindarétt sinn í starfi hjá Norlandair á þeim tíma þegar hann veiktist og var leystur frá störfum vegna skírteinismissis, sbr. gr. 7-2 í kjarasamningi FÍA og þess flugfélags. Þá vísar stefndi til þess að stefnandi krefji hann um greiðslu veikindalauna flugstjóra í þrettán mánuði frá því að launalausn leyfi hans lauk og það sé meginkrafta málsins. Það geri stefnandi þótt hann hafi á þeim tíma verið í fullu starfi sem flugvirki, eftir að hafa menntað sig til þeirra starfa eftir skírteinismissinn og hann hafi hvorki verið veikur né óvinnufær til þeirra starfa sem hann sé nú ráðinn til hjá TRU Flight training Iceland ehf., eins og áður greinir. Stefnandi byggir á því að stefnanda hafi því mátt vera ljóst að starfi hans hjá stefnda var lokið sökum forsendubrests enda hafi hann verið ófær um að sinna starfi flugmanns vegna varanlegs hæfisbrests.

Stefndi vísar til þess að megin skilyrði veikindaréttar séu að starfsmaður sé hald inn sjúkdómi og að hann sé óvinnufær af þeirri ástæðu, auk þess sem hann sé í vinnusambandi. Þau skilyrði séu hins vegar ekki uppfyllt varðandi stefnanda. Stefnandi vísar einnig til þess að stefnandi hafi verið í fullri vinnu hjá öðrum vinnu veitanda á sama tíma og hann krefjist veikindalauna hjá stefnda.

Stefndi mótmælir því að við lok leyfis stefnanda hafi sammingsbundin skylda til greiðslu veikindalauna raknað við án tillits til vinnufærni stefnanda sem sannanlega hafi verið í starfi annars staðar á þeim tíma sem um sé deilt og því verið vinnufær.

Að framangreindu virtu beri stefnda engin skylda til þess að greiða stefnanda veikindalaun eins og krafa sé gerð um. Stefnandi hafi fengið greidd veikindalaun vegna óvinnufærni í kjölfar veikinda sinna, auk skírteinistryggingar frá Norlandair þar sem hann hafi starfað þegar hann veiktist. Stefnandi eigi því engar frekari launa kröfur á hendur stefnda vegna flugmannsstarfanna.

Þá vísar stefndi jafnframt til þess að verði fallist á veikindalaunakröfu stefnanda þá eigi launatekjur og aðrar bætur sem stefnandi hafi þegið á umræddu tímabili að koma til frádráttar kröfunni.

Varðandi viðurkenningarkröfu um frímiðaréttindi þá hafnar stefndi því að stefnandi eigi rétt á þeim samkvæmt gr. 17-11 í fyrrgreindum kjarasamningi. Stefndi vísar til þess, sem áður greinir, að sýnt hafi verið fram á það að stefnandi hafi hvorki verið veikur né óvinnufær við starfslok né heldur að hann hafi látið af störfum af þeirri ástæðu. Auk þess hafi hann ekki verið starfandi hjá stefnda þegar hann veiktist. Þá njóti stefnandi í núverandi starfi hjá TRU Flight training Iceland ehf. sömu almennra frímiða hjá Icelandair og hann hafði hjá stefnda.

Um lagarök að öðru leyti vísar stefndi aðallega til fyrrgreinds kjarasamnings FÍA við stefnda og við Norlandair, auk almennra reglna vinnuréttar. Varðandi kröfu um málskostnað vísar stefndi til 129. gr. og 130. gr. laga nr. 91/1991.

IV.

Niðurstöður:

Launalaust leyfi felur það almennt í sér að skylda starfsmanns til að inna af hendi vinnu fellur niður og að sama skapi fellur niður skylda atvinnurekanda til að greiða starfsmanni laun. Ráðningarsamband er að öðru leyti til staðar en liggur í dvala. Að loknu launalausuleyfi ber starfsmanni almennt skylda til að koma aftur til starfa hjá atvinnurekanda sem veitt hefur leyfið ef starfsmaður er vinnufær og að sama skapi ber atvinnurekanda almennt að taka aftur við starfsmanni til vinnu. Misbrestur í þessum efnum getur talist veruleg vanefnd á skyldum í vinnusambandi og heimilað gagnaðila beitingu vanefndaúrræða, sbr. sjónarmið þess efnis sem koma fram í dómi Hæstaréttar Íslands 8. febrúar 2018 í máli nr. 77/2017. Þá skiptir almennt ekki máli í þessu sambandi þótt starfsmaður, sem veitt hefur verið launalaust leyfi, sé með ótímabundinn ráðningarsamning við annan og óskyldan atvinnurekanda á því tímabili sem leyfi varir. Það sem hefur hins vegar verulega þýðingu er að starfsmaður hafi gert ráðstafanir sem leiða til þess að hann sé tækur til að hefja störf að nýju að loknu launalausuleyfi, sbr. til hliðsjónar dóma Hæstaréttar Íslands 7. maí 2015 í málum nr. 587/2014 og 588/2014. Í vinnurétti er almennt miðað við að veikindaréttur starfsmanns falli niður í launalausuleyfi. Sé hann hins vegar veikur þegar hann hyggst snúa til baka úr launalausuleyfi þá eigi hann rétt á veikindagreiðslum hafi hann áunnið sér slíkan rétt áður en hann fór í leyfi. Tilgangur reglna um veikindarétt launamanna er að gera starfsmann eins settan fjárhagslega og ef forföll hefðu ekki borið að höndum. Hugtakið óvinnufærni hefur í vinnurétti verið skilgreint þannig að ástand manns, andlegt eða líkamlegt, sé með þeim hætti að það hindri hann í að vinna starf sitt. Þá er miðað við að brostnar forsendur geti átt við um gagnkvæmt vinnusamband o.fl. þegar til gilds löggernings

hefur stofnast í upphafi milli aðila en síðari atvik valda því að réttlætanlegt telst að hann verði ekki efndur. Þarf þá forsendan að hafa haft verulega þýðingu við gerð löggernings, auk þess sem það þarf að teljast vera sanngjarnt, að teknu tilliti til allra atvika, að forsendubrestur leiði til þess að aðili losni undan skyldum sínum í heild eða að hluta.

Í máli þessu liggur fyrir að stefnandi veiktist alvarlega 18. september 2012. Þá var stefnandi með ákvörðun Flugmálastjórnar Íslands 6. desember sama ár gert að sæta niðurfellingu atvinnuflugmannsréttinda sem hann hafði aflað sér og voru grundvöllur þess að honum væri unnt að starfa áfram sem atvinnuflugmaður. Varanleg vanheilsa stefnanda var ástæða ákvörðunarinnar. Ákvörðun Flugmála stjórnar var reist á j-lið JAR-FCL 3.145 og 7. lið 1. viðbættis við B-kafla í þágild andi reglugerð nr. 403/2008 um heilbrigðiskröfur flugliða, ásamt viðeigandi skýringarefni (e. JAA manual of Civil Aviation Medicine, kafla 15.1) og gr. 1.2.1 og 1.2.4 í reglugerð nr. 400/2008 um skírteini útgefin af Flugmálastjórn Íslands, en framangreindar reglugerðir voru settar með stoð í 31. gr. og 73. gr., sbr. 145. gr. laga nr. 60/1998. Almannahagsmunir liggja því til grundvallar að strangar heilbrigðiskröfur eru gerðar til atvinnuflugmanna og er starfsöryggi þeirra því lakara að þessu leyti en hjá mörgum öðrum hópum launþega á vinnumarkaði. Til að mæta áföllum af þessum toga er í kjarasamningum FÍA meðal annars kveðið á um veikindarétt og skírteinistryggingu atvinnuflugmanna.

Í máli þessu háttar svo til að stefnandi var fastráðinn starfsmaður í starfi hjá Norlandair á grundvelli ráðningarsamnings á þeim tíma þegar hann veiktist og honum var gert að sæta niðurfellingu framangreindra atvinnuréttinda. Að því virtu naut stefnandi veikindalauna í þrettán mánuði frá Norlandair og þá fékk hann greidda út skírteinistryggingu frá tryggingafélagi þess flugfélags vegna varanlegs missis atvinnuréttinda, sbr. gr. 07-2 og 08-3 í kjarasamningi FÍA og Norlandair. Samkvæmt framburði vitnisins Friðriks Adolfssonar, framkvæmdastjóra Norlandair, fyrir dómi fékk stefnandi skírteinistrygginguna greidda út á miðju veikindatímabilinu. Jafnframt liggur fyrir að stefnandi var, á sama tíma og hann veiktist og sætti niðurfellingu atvinnuréttindanna, í framlengdu launalausuleyfi hjá stefnda en leyfið var veitt á grundvelli a-liðar 8. gr. starfsaldursreglna flugmanna hjá stefnda stuttu áður en veikindin komu fram hjá stefnanda. Þá var við veitingu leyfisins miðað við að hann kæmi aftur til starfa 1. nóvember 2015.

Stefnandi byggir á því, og bar um það fyrir dómi, að hann hafi haft uppi áform um að koma aftur til starfa hjá stefnda undir lok launalausuleyfisins enda hafi honum borið skylda til þess svo ekki kæmi til vanefndar af hans hálfu á ráðningar samningnum. Það eina sem hafi hindrað hann í því að efna skyldu sína á þeim tíma hafi verið lögmæt forföll þar sem hann hafi ekki verið vinnufær vegna veikinda. Þá

hafi ekki verið um að ræða neinn forsendubrest milli aðila heldur snúist málið um það að samið hafi verið um rétt í veikindaförföllum sem beri að virða. Þá geti veikindi ýmist verið skammvinn eða langvinn en hið síðarnefnda hafi átt við um stefnanda.

Í máli þessu liggur fyrir að til viðbótar við það að stefnandi þurfti að þola veikindi og óvinnufærni af þeim ástæðum þá var honum gert að sæta niðurfellingu atvinnuréttinda með stjórnvaldsákvörðun Flugmálastjórnar Íslands 6. desember 2012. Stjórnvaldsákvörðunin gerði það að verkum að stefnanda var að lögum ókleift að gegna áfram fyrra starfi hjá stefnda sem atvinnuflugmaður. Ákvörðunin var endanleg enda voru veikindi stefnanda talin vera varanleg. Með ákvörðuninni glataði stefnandi jákvæðu hæfisskilyrði til að mega gegna starfi atvinnuflugmanns hjá stefnda og öðrum flugrekstraraðilum. Hugtakið lögmæt förföll og óvinnufærni vegna veikinda hefur í vinnurétti almennt ekki verið talið ná yfir þá stöðu sem kemur upp hjá starfsmanni þegar hann glatar varanlega jákvæðu lögbundnu hæfisskilyrði til að mega gegna starfi. Atvinnuflugmannsréttindin voru eðli málsins samkvæmt veruleg forsenda fyrir áframhaldandi vinnusambandi stefnanda og stefnda. Við þessar aðstæður voru forsendur brostnar fyrir vinnusambandi hans við stefnda frá þeim tíma þegar missir starfsréttindanna raungerðist með stjórnvalds ákvörðuninni 6. desember 2012. Þá liggur auk þess fyrir að stefnandi fékk í fram haldinu greiddar bætur úr skírteinistryggingu vegna missis starfsréttindanna. Þessu til viðbótar liggur fyrir að í framhaldi af því að hafa misst starfsréttindin aflaði stefnandi sér menntunar til annarra starfa og stofnaði hann til fasts vinnusambands við annan vinnuveitanda 1. september 2015. Að öllu þessu virtu voru forsendur brostnar fyrir áframhaldandi vinnusambandi aðila og verður stefndi sýknaður af fjárkröfu stefnanda. Hvað varðar viðurkenningakröfuna þá liggur fyrir að stefnandi var í launalausú leyfi hjá stefnda þegar hann veiktist og missti starfsréttindi sín en um starfskjör hans á þeim tíma fór eftir kjarasamningi FÍA og Norlandair. Þá bar vitnið Einar Sigurður Björnsson, flugrekstrarstjóri hjá stefnda, um það fyrir dómi að starfsmenn stefnda í launalausú leyfi hefðu ekki notið frímiðaréttinda. Að þessu virtu verður stefndi sýknaður af viðurkenningarkröfu stefnanda.

Að teknu tilliti til atvika máls og aðstæðna aðila og með vísan til 3. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 þykir rétt að hvor aðili beri sinn kostnað af rekstri málsins.

Af hálfu stefnanda flutti mál þetta Karl Ó. Karlsson lögmaður. Af hálfu stefnda flutti málið Hrafnhildur Stefánsdóttir lögmaður.

Daði Kristjánsson héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

D Ó M S O R Ð:

Stefndi, Flugfélag Íslands ehf., er sýkn af öllum kröfum stefnanda, Karls Eiríks sonar, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.

Daði Kristjánsson